

Ed.

242. Nefndarálit

[126. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum um almannatryggingar, nr. 67 frá 20. apríl 1971.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með samþykkt þess. Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum við frumvarpið.

Eggert G. Þorsteinsson tók fram, að hann teldi fjölskyldubætur eiga áfram að hækka sjálfkrafa í kjölfar hækkunar á kaupgjaldi, eins og lögtekið var á síðasta Alþingi, en eigi ekki að vera úrskurðaratriði ríkisstjórnarinnar, eins og frumvarpið gerir ráð fyrir, og mun bera fram breytingartillögu þar að lútandi. Þá vekur hann athygli á þeirri breytingu frv. á gildandi lögum, að sjálfkrafa hækkun tryggingarbóta skuli framvegis miðast við breytingar á vikukaupi í almennri verkamannavinnu, en ekki kaup í fiskvinnu, sem mun hafa í för með sér minni hækkun bóta en ella, þar eð kaup í fiskvinnu hækkaði í síðustu kjarasamningum meir en almennt verkamannakaup. Enn fremur mun hann bera fram breytingartillögu um, að greiddar skuli áfram fjölskyldubætur vegna skólanemenda til 21 árs aldurs, nema þeir hafi áður öðlazzt skilyrði til þess að njóta námsaðstoðar skv. gildandi reglum hverju sinni um námsaðstoð samkvæmt lögum um Lánasjóð íslenskra námsmanna.

Auður Auðuns og Axel Jónsson taka fram, að þau telja sanngjarn og þjóðhagslega heppilegt, að tekjur ellilífeyrisþega að vissu marki verði ekki látnar valda skerðingu á rétti til tekjutryggingar skv. 5. gr. 1. mgr.

Eggert G. Þorsteinsson, Auður Auðuns og Axel Jónsson taka fram, að þau telji óhjákvæmilegt að átélja, hversu seint þetta mikilvæga mál var lagt fyrir Alþingi og hversu lítinn tíma nefndin hefur þess vegna haft til athugunar á því. Einkum og sér í lagi telja þau þó ámælisvert, að nefndinni skuli hafa verið ætlað að taka afstöðu til bráðabirgðaákvæðanna um fjáröflunina á nokkrum klukkustundum. Þar er um að ræða þátt í þeirri breytingu, sem ríkisstjórnin hefur boðað sem stefnu sína varðandi tekjuöflun ríkis og sveitarfélaga, en heildarafstaða til þeirra mála hefur ekki verið tekin. Hins vegar er sú hækkun tryggingarbóta, sem frv. sjálft gerir ráð fyrir, svo mikið nauðsynjamál, að þau telja rétt, að frv. nái fram að ganga.

Alþingi, 18. des. 1971.

Björn Jónsson, form.	Björn Fr. Björnsson, fundaskr.	Helgi Seljan, frsm.
Auður Auðuns, með fyrirvara.	Axel Jónsson, með fyrirvara.	Eggert G. Þorsteinsson.
	Ásgeir Bjarnason.	